

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 26. ágúst kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1220. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Hafðís Anna Bragadóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Akurgerði 9 - USK24060209

Sótt er um leyfi til að setja svalir og byggja vinnustofu við hús á lóð nr. 9 við Akurgerði. Stækkun 34,0 ferm og 109,6 rúmm. Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2024. Erindið var grenndarkynnt frá 31. október 2024 til og með 28. nóvember 2024. Ábendingar og athugasemdir bárust. Mál felld niður samanber umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2025.

Synjað. Samanber umsögn skipulagsfulltrúa 19. júní sl.

2. Ármúli 10 - USK25070312

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta hárgreiðslustofu í rými ? á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 10 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 4. júní 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

3. Ármúli 24 - USK25070017

Sótt er um leyfi til að stækka lager með því að byggja viðbyggingu við vesturhlið verslunar- og skrifstofuhúss á lóð. 24 við Ármúla.

Stækkun: 95 ferm., 450 rúmm.

Fékk jákvæða umsögn skipulags (USK25010145)

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og/eða grenndarkynningar.

4. Ásvallagata 1 - USK25030078

Sótt er um byggingarheimild sem snýr að því að opna á milli eldhúss og borðstofu, stækka hurðargat og styrkja með stálbita í íbúð 0101 í húsi á lóð nr. 1 við Ásvallagötu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. Bergstaðastræti 34 - USK25070280

Sótt er um leyfi til að breyta USK24050111 með því að nota krosslímt timbur í stað steinsteypu á milli hæðanna í viðbyggingunni og gólfhiti verður á 1. hæð viðbyggingar í stað ofna í húsi á lóð nr. 34 við Bergstaðastræti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Bolholt 4 - USK25040306

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta læknaðstofur og viðtalsherbergi auk starfsmannaðstöðu í rými 0402 í skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 4 við Bolholt.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 11. febrúar 2025, ódagsett fylgiskjöl vegna skráningartöflu og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 9. júní 1961.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

7. Borgartún 26 - USK25070362

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. X, teg. X fyrir 78 gesti í rými 0102 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Borgartún.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun síðast breytt 7. apríl 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Bragagata 26A - USK25070383

Sótt um leyfi til að fjarlægja norðanverðan kvist og endurgera kvist á suðurhlíð húss á lóð nr. 26A við Bragagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Bárugata 3 - USK25060385

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, fjarlægja skorstein, síkka glugga á 1. hæð og gera hurð út á nýjar svalir með stiga niður í garð á suðurhlið gera nýtt bílastæði meðfram austurhlið einbýlishúss með aukaíbúð á lóð nr. 3 við Bárugötu.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 15. ágúst 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 30. júní 2025 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar og/eða til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

10. Bæjarháls 1 - USK25080038

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23010204 vegna lokaúttektar þar sem gerð er grein fyrir breytingum á verk tíma sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt á öllum hæðum og skráningarnúmer og byggingarlýsing uppfærð í skrifstofuhúsi á lóð nr. 1 við Bæjarháls.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Verkís dags. í ágúst 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

11. Efstaland 26 - USK25020153

Sótt er um leyfi til að innrétta vistheimili barna á 3. hæð í Grímsbæ á lóð nr. 26 við Efstaland. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar fylgir erindi.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

12. Eyjarlóð 1 - USK25020048

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050177 sem snýr að svölum frá rými 0206, sett er brunahurð á milli brunahólfa í stigagangi 0204, breytt innra skipulagi á 3. hæð auk þess sem matshlutaskráningu er breytt í húsi á lóð nr. 1 við Eyjarlóð .

Erindi fylgir greinagerð brunavarna og samþykki meðeigenda.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

13. Fellsmúli 26 - USK25060353

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059748 vegna innanhússbreytinga á tannlæknastofunni Krýnu á 5. hæð í húsi á lóð nr. 26 við Fellsmúla.

Erindi fylgir gátlisti aðaluppdráttu, yfirlit breytinga dags. 7. september 2021 og samþykki frá Geislavörnum ríkisins dags. 24. júní 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Fiskislóð 45 - USK25060073

Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum með því að sameina rými 0104 og 0204, breyta innra skipulagi og innréttu dýralæknastofu með móttökurýmum, skoðunarherbergjum, skurðstofum, röntgenstofu, hvíld og starfsmannaaðstöðu á millilofti, rými 0221, á 1. og 2. hæð, einnig er iðnaðarhurð skipt út með glugga á norðurhlið á 1. hæð í iðnaðarhúsi á lóð nr. 45 við Fiskislóð.

Erindi fylgir greinargerð um hönnun dýralæknastofu dags. 5. apríl 2025, samþykki meðlóðarhafa dags. 20. janúar 2025 og greinargerð Brunahönnunar sfl, um brunavarnir dags. 28. maí 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 22. maí 2018.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto: eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir eða við lokaúttekt.

15. Fossaleynir 12 - USK25040253

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og bæta við deild fyrir 20 börn í rými 0201 á 2. hæð í leikskólanum Korpukoti á lóð nr. 12 við Fossaleyni.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Framnesvegur 19 - USK23050142

Sótt er um leyfi til þess að byggja á tveggja hæða viðbyggingu og sólskála við vesturgafli einbýlishúss á lóð nr. 19 við Framnesveg.

Stækkun: 30.7 ferm., 88.1 rúmm.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24110211, umsókn um niðurrif.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 26. september 2024, umsögn frá burðarþolshönnuði dags. 28. apríl 2023, varmatapsútreikningar og orkurammi dags. 2. maí 2023 ásamt afrit af tölvupóstum milli hönnuða og Minjastofnunar.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. Framnesvegur 19 - Niðurrif - USK24110211

Sótt er um leyfi til þess að rífa geymsluskúr byggðan 1920, mhl.02, einbýlishúsalóð nr. 19 við Framnesveg.

Stærð Mhl.02: 22.7 ferm., 56.5 rúmm.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK23050142.

Lögð er fram umsögn Minjastofnunar dags. 26. september 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

18. Framnesvegur 38 - USK25010072

Sótt er um leyfi til að rífa hluta einbýlishúss, lækka kjallara og byggja hæð ofaná og við og innrétta tvíbýlishús á lóð nr. 38 við Framnesveg.

Erindi fylgir hæðarblað dags. í september 2014, mæliblað, umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 7. mars og 4. júlí 2025 og bréf hönnuðar dags. 12. júní og 14. ágúst 2025.

Stækkun: 138,1 ferm.

Stærð eftir breytingu: 256,1 ferm., 769,6 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Frostaskjól 2 - USK25070205

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að byggja léttu timburbyggingu ofaná núverandi tæknirými á lóð nr. 2 við Frostaskjól.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

20. Fálkagata 2 - USK24050293

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, bæta þannig að eldhús er fært inn í stofu, og í staðinn gert herbergi og snyrting auk þess sem bætt er við glugga, björgunaropi, frá eldhúsi út á þak á austurhlið íbúðar 0201 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 2 við Fálkagötu.

Erindi fylgir yfirlýsing frá meðeiganda dags. 25. febrúar 2025, samþykki meðeigenda dags. 4. desember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 30. júní 1989.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto: eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir eða við lokaúttekt.

21. Grettisgata 71 - USK25080035

Sótt er um leyfi til að sameina þrjá kvista, gera þaksvalir og þakglugga á hús á lóð nr. 71 við Grettisgötu

Erindi fylgir samþykki nágranna.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

22. Grímshagi 2 - USK25060383

Sótt er um leyfi til þess fjarlægja bislag við suðausturgötu og byggja í staðinn viðbyggingu á tveimur hæðum og setja kvisti á norðaustur- og suðvesturþekju einbýlishúss á lóð nr. 2 við Grímshaga.

Þess er jafnframt óskað að 14.6 ferm. geymsla, mhl.02, verði afskráð enda hafi hún þegar verið fjarlægð.

Stækkun mhl.01: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 28. maí 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2025.

Frestað. Erindi í grenndarkynningu.

23. Hverafold 1-3 - USK24120169

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og innréttað sólbaðstofa í rými 0202, á 2. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 1-3 við Hverafold.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 17. maí 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Hverfisgata 40A - USK25070361

Sótt er um heimild til þess að breyta innra skipulagi og koma fyrir nýrri rafmagnstöflu á sportbar, veitingastað í flokki II tegund f fyrir alls 80 gesti í rýmum 0103, 0104 og 0105 á 1. hæð í verslunar- og þjónustuhúsi nr. 40A á lóð nr. 40 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 28. júlí 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 9. febrúar 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Háaleitisbraut 175 - USK25060428

Sótt er um leyfi til að byggja tímabundna stækkun úr stálgrindareiningum á einni hæð og innrétta þar matsdeild vestan við bráðamóttöku Borgarspítala á lóð nr. 175 við Háaleitisbraut.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið samanber tölvupóst frá skipulagsfulltrúa dags. 7. ágúst sl.

Stærð, mhl. 16: 700,5 ferm., 2.347,8 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Háteigsvegur 44 - USK25060285

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23030370 með því að skipta bílskúr í tvennt og innrétta þar vinnustofur með sérinngangi, breyta gluggum og breyta innra skipulagi í tvíbýlishúsi á lóð nr. 44 við Háteigsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Í Úlfarsfellslandi - USK25040124

Sótt er um leyfi til þess að reisa forsmíðað timburhús á forsteyptum undirstöðum í stað eldra húss sem fjarlæggt hefur verið á lóð L125479 í Úlfarsfellslandi.

Stærð: 68.6 ferm., 223.0 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025, auk tækniblaða og vottana frá framleiðanda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Köllunarklettsvegur 10 - USK25040406

Sótt er um að koma fyrir sjálfvirku geymslukerfi í hluta lagerrýmis og uppfæra brunavarnir til samræmis í atvinnuhúsi á lóð nr. 10 við Köllunarklettsveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. Langholtsvegur 92 - USK24030184

Sótt er um leyfi til að gera kvist og svalir á suðurþekju og innrétta íbúðarrými í rishæð tvíbýlishúss á lóð nr. 92 við Langholtsveg. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 12. mars 2024.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Langholtsvegi 90 og 94., frá 15. maí 2024 til og með 13. júní 2024.

Engar athugasemdir bárust.

Frestað. Lagfæra skráningu.

30. Laugavegur 16 - USK25050486

Sótt er um leyfi til að rífa og fjarlægja austari hluta húss, hækka þann vestari um eina hæð og byggja steinsteypta viðbyggingu, fjórar hæðir og kjallara á lóð nr. 12b, opna yfir lóðamörk til austurs og innrétta nýtt anddyri/aðalinngang og stækkun á Hótel Skjaldbreið sem þar er, einnig er sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu á baklóð, þrjár hæðir og kjallara og stækka á Hótel Skjaldbreið á lóð nr. 16 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 22. júní 1948

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Laugavegur 18B - USK25070144

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi, fjarlægja stiga á milli 1. og 2. hæðar, breyta geymslu í minni geymslur og aðstöðu starfsfólks á 2. hæð, íbúð/fundarsal, rými 0201 er breytt í gistirými fyrir 6 gestir, flóttahurð bætt við frá suðurhlið 3. hæðar, íbúð á 0401 breytt fyrir 3 gesti, björgunaropum er bætt við á norðurhlið, flóttastigi fjarlægður á suðurhlið og nýr stálstigi sem nær að 3. hæð settur í hans stað, jafnframt eru brunavarnir, rýmisnúmer og skráning uppfærð fyrir verslunargisti og íbúðarhús á lóð nr. 18. við Laugaveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar 8. júlí 2025, og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Litlagerði 9 - USK25070394

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057550 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 9 við Litlagerði.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Mjólnisholt 6 - USK25050444

Sótt er um leyfi til að sameina lóðir nr. 6 og nr. 8, breyta erindi BN056561 þannig að komið er fyrir utanálggjandi stigahúsi á bakhlið, eldri stigar fjarlægðir og gerðir inngangar frá svölum, bætt við íbúð í risi og byggður geymsluskúr á baklód fjölbýlishúss á lóð nr. 6 við Mjólnisholt.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Stærð eftir breytingar:

Mhl. 01: 660 ferm., 1.544,2 rúmm.

Mhl. 02: 52 ferm., 175,1 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Nesvegur 46 - USK25030415

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, koma fyrir stiga á milli hæða og innrétta sem einbýlishús íbúðarhús á lóð nr. 46 við Nesveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Þarf að þinglýsa yfirlýsingu um sameiningu fasteigna og fella niður eignaskiptayfirlýsingu svo hægt er að skrá húsið sem einbýlishús. Senda beiðni á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is til að fá eyðublað.

35. Norðlingabraut 4 - USK25040407

Sótt er um leyfi til þess að byggja svalagang úr timbri klæddum sléttri áklæðningu meðfram suðausturhlið 2. hæðar skóla- og iðnaðarhúss á lóð nr. 4 við Norðlingabraut.

Stækkun: 145.2 ferm., 582.1 rúmm.

Samskonar erindi BN056433 er fallið úr gildi og því er nú sótt um að nýju.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 12. apríl 2016.

Frestað. Lagfæra skráningu.

36. Pósthússtræti 11 - USK25070218

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og brunavörnum á veitingasvæði jarðhæðar á Hótel Borg í húsi nr. 11 við Pósthússtræti.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 06. mars 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Reykjahlið 8 - USK25060183

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057343 þannig að skráningartafla er uppfærð, virkisrými minnkar og flatarmál eykst í íbúð 0301 í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 8 við Reykjahlið.

Stækkun: 9.0 ferm., 7.3 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. ágúst 2020

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimulm og stofnerindi.

38. Reynimelur 66 - USK25080152

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24010330 þannig að innréttuð verður þriðja íbúðin í kjallara og grafið frá húsi á suður-, vestur- og norðurhlið húss á lóð nr. 66 við Reynimel.

Erindi fylgir mæliblað dags. 16. maí 2012 og yfirlýsing um ábyrgðarsvið hönnuða.

Stærð eftir breytingu: 503,2 ferm., 1.508,7 rúmm.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

39. Skeljatangi 1 - USK25060351

Sótt er um heimild til að byggja glerskála til norðurs, reisa skjólvegg á lóðarmörkum að borgarlandi og koma fyrir heitum potti og gufubaði á einbýlishúsalóð nr. 1 við Skeljatanga.

Erindi fylgir bréf frá skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2025 og afrit af aðaluppdraetti samþykktum 9. ágúst 1984.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

40. Skipholt 15 - USK25070359

Sótt er um heimild til að innrétta rými 0107 fyrir hárgreiðslustofu í húsi á lóð nr. 15 við Skipholt.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 1. júní 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Skipholt 50 - USK25070358

Sótt er um leyfi til að stækka íbúð 0201 með því að breyta og hækka þak og gera kvisti á íbúðarhús á lóð nr. 50 við Skipholt.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 29. september 1955.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Skógarhlíð 18 - USK25020066

Sótt er um leyfi til til að breyta notkun geymslu, rými 0104, og bílageymslu, rými 0105, í biðstofu og þjónusturými fyrir heilsugæslu, breyta gluggasetningum og uppfæra brunavarnir og skráningartöflu fyrir verslunar- og skrifstofuhús á lóð nr. 18 við Skógarhlíð.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 23. apríl 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem fyrir er þinglýst eignaskiptayfirlýsing eða yfirlýsing um sameiningu fasteigna (sami eigandi að báðum fasteignum) og þarf staðfesting á öðru hvoru að berast fyrir útgáfu byggingarleyfis á [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto: eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is)

43. Skógarás 16 - USK25080034

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, stækka svalir og breyta gluggum í húsi á lóð nr. 16 við Skógarás.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

44. Smáragata 12 - USK25070343

Sótt er um leyfi til að breyta kvistum, útitröppum og innra skipulagi í húsi á lóð nr. 12 við Smáragötu.

Erindinu fylgir samþykki eiganda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Snorrabraut 29 - USK23040092

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að settar hafa verið svalir, sorpgeymslur stækkaðar in innra skipulagi breytt í rýmum 0201,0202 og 0205 auk þess að geymslur íbúða hafa færst niður í kjallara hús nr. 27, mhl.01, fyrir íbúðir í húsi nr. 29, mhl. 02 á lóð nr. 29 við Snorrabraut.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda fyrir svölum sem vísar í skjal dags. 29. júní 2023 og 3. febrúar 2025, lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2021 og 28. september 2023 og tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags samþykkt 5. september 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

46. Sogavegur 116 - USK25080079

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á lóð nr. 116 við Sogaveg.

Erindi fylgir samþykki nágranna.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Suðurlandsbraut 34 - USK25070120

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070226 þannig að innra skipulagi og útfærslu stigahúss er breytt, þakhýsi er endurbyggt og stækkað, þaksvalir færðar til suðurs og vindfang 1. hæðar stækkað í skrifstofuhúsi á lóð nr. 34 við Suðurlandsbraut.

Eftir stækkun: 3,259 ferm., 11.948.6 rúmm.

Erindi fylgir Greinargerð hönnuða dags. 11. júní 2025, brunahönnunarskýrsla Öruggh ehf útg. V03 dags. 10. júní 2025, hljóðvistarskýrsla frá Hljóðvist-ráðgjöf og hönnun dags. 1. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 17. september 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

48. Suðurlandsv v/Norlb. - USK25040441

Sótt er um leyfi til að stækka eldra frístundahús á lóð við Suðurlandsveg við Norðlingabraut.

Stækkun 18,2 ferm. og 52,4 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Síðumúli 10 - USK25060269

Sótt er um byggingarheimild sem snýr að baklýstu skilti á stálgrind á lóð nr. 10 við síðumúla.

Stærð 1,63 x 1,57 m.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Sóleyjargata 27 - USK25060237

Sótt erum leyfi til að breyta notkun á núverandi gistiheimili í fjölbýlishús og innrétta alls 9 íbúðir, á lóð nr. 27 við Sóleyjargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

51. Tjarnargata 11 - USK25060224

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, m.a. í aðstöðu húsvörslu í móttöku, bæta við millivegg, loka gati milli 2. og 3. hæðar, fækka skrifstofum og gera opið vinnurými í vesturenda skrifstofubyggingar, breyta fyrirkomulagi í sal borgarstjórnar, koma fyrir tjöldum í tjarnarsal, koma fyrir hjólastæðum í bílageymslu og undir skyggni við vesturinngang, breyta opnun hurða og koma fyrir lokunum í stiga og uppfæra brunavarnir í Ráðhúsinu á lóð nr. 11 við Tjarnargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, brunahönnun frá Örugg dags. 2. apríl 2025, greinargerð hönnuðar dags. 4. apríl 2025 og yfirlit hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuðar dags. 6. júní 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

52. Vesturgata 10a - USK25080095

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun í atvinnuhúsnæði, byggja kvist á austurþaki og svalir sem flóttaleið frá rishæð húss við Vesturgötu 10a, mhl.04, á lóðinni Vest.6-10a/Tryggv. 18

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 12:00

Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Hafdís Anna Bragadóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir